



Alþingi
Erindi nr. P 141/490
komudagur 13.11.2012

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 152 – 152. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga. Markmið tillögunnar er að skipa starfshóp til að skoða hvernig best er að útfæra búsetuform barna sem búa jafnt og til skiptis hjá báðum foreldrum á tveimur heimilum. Í tillögunni segir að markmið starfshópsins sé að eyða þeim aðstöðumun sem sé til staðar þegar foreldrar búi ekki saman en ali upp börnin á tveimur heimilum.

MRSÍ telur að tillagan sé jákvæð og geti stuðlað að aukinni samvinnu foreldra og auki líkur á samkomulagi foreldra um tilhögun umgengni- og lögheimilismála.

MRSÍ vill koma eftirfarandi á framfæri;

Í Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum) kemur fram í 7. gr. og 3. mgr. 9. gr. að barn hefur rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta til jafns umönnunar þeirra og halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við báða foreldra sína með reglubundnum hætti nema það sé andstætt hagsmunum þess. Í 18. gr. segir að aðildarríki skuli tryggja að meginreglan sé sú að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Í 27. gr. segir að aðildarríki viðurkenni rétt hvers barns til lífsafkomu sem nægi því til að ná líkamlegum, sálrænum, andlegum, siðferðilegum og félagslegum þroska. Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins er svo fjallað um það að foreldrar eða aðrir sem ábyrgir eru fyrir uppeldi barns eigi í samræmi við getu sína og fjárhagsaðstæður að sjá barni fyrir þessum lífsskilyrðum og að ríkið eigi að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að veita foreldrum aðstoð við þetta og skuli aðildarríki, þegar þörf krefji, láta í té efnislega aðstoð og sjá fyrir stuðningsúrræðum. Er því ljóst að það er í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans að foreldrum sé gert kleift að deila til jafns þeim kostnaði sem að til fellur við uppeldi og framfærslu barns og eigi til jafns að njóta aðstoðar ríkisins sé þörf á því.

Í Barnalögunum nr. 76/2003 segir í fyrstu grein; „Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína.“ Í 53. gr. er fjallað um framfærsluskyldu foreldra þar sem þeim er gert skylt að framfæra barn sitt saman og hvoru um sig.

Þegar foreldrar búa ekki saman en hafa sameiginlega forsjá hefur barnið lögheimili skráð hjá öðru hvoru þeirra. Þetta er gert til að ákvarða búsetu barns út frá ýmsum praktískum atriðum, s.s. varðandi leiksskóla og skólagöngu, meðlag og barnabætur og aðra fjárhagslega aðstoð. En þetta snertir einnig almennar ákvarðanatökur vegna barns, því þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að foreldrar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

taki í meginatriðum allar ákvarðanir er lúta að barninu í sameiningu, þá getur það verið til hæðarauka ef að annað foreldrið sér um ákvarðanatökur vegna daglegs lífs barnsins.

Það hefur verið rætt og gagnrýnt að þetta fyrirkomulag verði til þess að ákveðinn aðstöðumunur myndist á milli heimila barnsins þar sem á hvoru heimili þurfi að vera til taks sá búnaður sem barn þarf á að halda á meðan það dvelur á heimilinu og að ákveðinn kostnaður fylgi því. Þá hafa heyrst dæmi um að deilur foreldra um forsjá og umgengni barna lúti í einstaka tilvikum að því hvort þeirra eigi að greiða meðlag og hvort þeirra eigi að fá barnabætur eða aðra fjárhagslega aðstoð sem veitist því foreldri sem barn hefur lögheimili hjá. Ef lögum og reglum um þessi mál yrði breytt gæti það væntanlega fækkað deilumálum foreldra um eitt.

Ljóst er þó að skoða verður hverju sinni hvernig samkomulag foreldra er og hvort framkvæmdin er raunverulega í samræmi við sameiginlega framfærslu o.s.frv. Mikilvægt er að gæta þess að foreldrar deili öðrum kostnaði þá jafnt, s.s. leikskólagjöldum, greiðslum vegna dvalar á frístundaheimili, fæðiskostnaði í skólum, greiðslum vegna tómtunda, lækniskostnaði og öðrum kostnaði sem til kann að falla.

Telur MRSÍ jákvætt að löggjöf og framkvæmd verði skoðuð út frá því sjónarmiði hvernig best megi jafna stöðu þeirra foreldra sem hafa sameiginlega forsjá og jafna eða nánast jafna umgengni við barnið. En hafa verður þó í huga að í þessum málum er ekki raunhæft að jafnt gangi yfir alla heldur verður að skoða hvert mál fyrir sig, þó jákvætt sé að rýmka reglur og heimildir svo aðlaga megi meðlagsgreiðslur, barnabætur og aðra félagslega aðstoð að aðstæðum hverju sinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur